

UPPLÝSANDI TEXTAR

Informative texts

Af hverju skrifum við upplýsandi texta?

Upplýsandi texti hefur það að meginmarkmiði **að miðla upplýsingum**. Þessir textar eru mikilvægir samfélaginu vegna fræðandi innihalds þeirra, varðveislu þekkingar og vegna hagnýts gildis í daglegu lífi. Þeir innihalda m.a. útskýringar, lýsingar, skýrslur, leiðbeiningar, reglur og lög, fréttatilkynningar, frásagnir og svo mætti lengi telja.

Hvernig er uppbygging upplýsandi texta?

Uppbygging upplýsandi texta er breytileg og fer hún eftir eðli textans. Hér að neðan má finna einkenni nokkurra undirflokka og einnig má benda á *Beinagrindur* (<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/beinagrindur/>) og *Ritunarvefinn* (<https://klb.mms.is/klb/Ritunarvefurinn>) þar sem efni þessu tengt er að finna.

Undirflokkar upplýsandi texta

Lýsingar

Lýsa stað eða hlut og staðreyndir eru notaðar.

Einkenni:

- Byrjar með staðhæfingu sem kynnir viðfangsefnið.
- Mismunandi hliðum viðfangsefnisins er lýst á markvissan hátt.
- Getur endað á staðhæfingu um viðfangsefnið.

Dæmi:

- Landslagslýsing
- Persónulýsing

Leiðbeiningar

Gefa leiðbeiningar um hvernig á að búa eitthvað til eða gera eitthvað.

Einkenni:

- Staðhæfing sem segir hvert viðfangsefnið er (getur verið titillinn/fyrirsögnin)
- Listi yfir hluti sem nauðsynlegir eru til að útbúa eða gera það sem á að gera.
- Rétt röð aðgerða í ferlinu. Gott að hafa tölusetta aðgerðaröð.
- Hver aðgerðarliður byrjar á sögn í nútíð (boðhætti).

Dæmi:

- uppskriftir
- leiðbeiningabæklingar
- handbækur

Frásögn

Endursögn á atburðum og/eða upplifun. (Athugið að hér er eingöngu verið að tala um sannar frásagnir en stundum er skilgreiningin „frásögn“ einnig notuð yfir skáldaðan texta.)

Einkenni:

- Titill sem vekur áhuga.
- Upphaf (inngangur) sem segir til um hvern/hvað frásögnin er og þar sem leitast er við að vekja áhuga lesenda.
- Frásögn er skrifuð í þátíð.
- Skrifað er í 1. eða 3. persónu.
- Frásögn yfirleitt í rétttri tímaröð.
- Sagt er frá hvar og hvenær atburðir/upplifun átti sér stað.

Dæmi:

- Dagbókarskrif
- Ævisaga
- Ferðasaga

Útskýringar

Segir til um hvernig eða hvers vegna eitthvað gerist.

Einkenni:

- Viðfangsefnið nefnt í upphafi.
- Hlutir tengdir viðfangsefninu útskýrðir í rétttri röð.
- Útskýrt hvernig hlutir tengdir viðfangsefninu tengjast.
- Getur endað á staðhæfingu sem inniheldur niðurstöðu.
- Getur innihaldið myndir, kort og gröf sem styðja textann.
- Skrifað í þátíð.

Dæmi:

- „Lífsferill fiðrildis“ – skýringarmyndir með texta
- „Hvernig virkar varmadæla?“ – tímaritsgrein
- „Sólkerfið“ – vísindabók
- „Jöklarannsóknir“ – flæðirit

UPPLÝSANDI TEXTAR

Við notum upplýsandi texta til að miðla
upplýsingum.
Það eru til margar gerðir af upplýsandi textum!
Hér eru nokkur dæmi:

Leiðbeiningabæklingar

Lög og reglugerðir

Ævisögur

Sérfræðitímarit

Fræðibækur

Útskýringatextar
við myndir

Uppskriftir

Handbækur

Fréttir

